



**437.fundur
Þingvallanefndar
9. maí 2018**

Fundur haldinn á skrifstofu Þingvallanefndar í Austurstræti 12, miðvikudaginn 9. maí 2018.

Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason varaformaður, Páll Magnússon, Karl Gauti Hjaltason og Líneik Anna Sævarsdóttir. Oddný G Harðardóttir sendir varamann Guðmund Andra Thorsson. Fundinn sátu einnig Einar Á.E.Sæmundsen Þjóðgarðsvörður og Fanney Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestir: Árni Geirsson frá Alta og Guðmundur Hannesson.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Stefnumótun.

Árni Geirsson frá Alta fór yfir stefnumótun. Nefndarmenn komu með nokkrar athugasemdir.

Tillaga samþykkt og afgreidd til kynningar frá og með 1. júní. Frestur til athugasemda ákveðinn til 1. september 2018.

2. Silfra.

Þjóðgarðsvörður og Guðmundur Hannesson fóru yfir stöðu mála við Silfru. Þjóðgarðsvörður kynnti tillögur að nýju fyrirkomulagi bókunarkerfis og tímastjórnunar fyrir gesti í Silfru. Tillagan felur í sér að jafna álag í Silfru og stytta biðtíma með bættri tímastjórnun og tímahólfum. Tillagan var samþykkt.

3. Gjaldskrá.

Þjóðgarðsvörður lagði fram tillögur að breytingum á gjaldskrám fyrir þjónustu í Þjóðgarðinum. Tillögur voru um hækkun gjalds við annars vegar Silfru frá og með 1. September, hins vegar á bílastæðum frá 1. Júní og einnig um nýja gjaldskrá vegna sýningar í gestastofu. Umræða var um gjaldskrá og var tillaga að gjaldi á sýningu breytt. Tillögur voru samþykktar. Þjóðgarðsverði er falið að senda þær til ráðuneytis til staðfestingar og birtingar.

Næsti fundur ákveðinn 30. maí.

Ekki meira gert og fundi slitið.